

19. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Þingborg 5. júlí 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson

Guðmundur Jón Sigurðsson

Kristín Sigurðardóttir

Elín Höskuldsdóttir

Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð

Einnig mættur Gestur Már Þráinsson fyrir hönd Smíðanda.

Farið yfir kostnaðarliði sem eftir standa vegna skólabyggingar, s.s. tölvur, húsgögn í kennaraaðstöðu og heimilistæki í kennslueldhús.

Rætt um tölvumál, tilboð í þær og frágang ásamt öðrum búnaði vegna þeirra. Reiknað er með aukaverki vegna tenginga þeirra.

Kostnaðaráætlun vegna þessara liða fylgja með í excelskjali sem fer til sveitarstjórnar til kynningar og afgreiðslu.

Rætt um ræstivörur og snyrtivörur vegna salerna.

Staða mála Gestur sagði utanhússklæðningu koma um mánaðarmótin. Þá verður farið í að setja hana upp og áhersla verður lögð á að það gangi hratt.

Verið er að mála efri hæð og fljótlega verður farið á neðri hæð. Eftir hálfan mánuð ætti allri málningarvinnu að vera lokið nema lokaumferð.

Kerfisloft koma í vikunni og farið verður í uppsetningu þeirra.

Framkvæmdir við milliveggi er lokið.

Samkvæmt áætlun var reiknað með flotun gólfa næstu tvær vikur. Búið er að rakamæla gólfin og raki er enn mjög mikill.

Reiknað er með bráðabirgðagólfefni á meðan gólfin þorna nægilega til dúklagnar.

Guðmundur mun hafa samband við Heilbrigðiseftirlit vegna þess.

Smíðandi mun setja filteppi á þau svæði þar sem það verður sett.

Lyfta er á leið til landsins og verður væntanlega sett upp í næstu viku.

Innihurðir eru komnar í vinnslu og er reiknað með að þær verði settar upp í ágúst.

Rætt var um gólfefni á smíðastofu.

Tilboð frá Smíðanda í parket á smíðastofu hljóðar upp á kr. 642.000.

Tilboð frá Smíðanda í vegg milli gamla og nýja skóla kr. 864.119.

Frágangur við útidyr, kr. 453.000.

Einnig lá fyrir tilboð í einangrun húss utan á sökku, kr. 715.000.

Vinnuhópur leggur til að það verði gert.

Vinnuhópur leggur til að samþykktur verði kostnaður í handrið, efni og vinnu, allt að 3.400.000 kr.

Líðir sem vantar í kostnaðaráætlun er:

Uppsetning á innréttingum og lagfærgin á gamla skóla vegna kennaraaðstöðu.

Snagar í fatahengi og uppsetning þeirra.

Bráðabirgðagólfefni og vinna við það.

Gardínur og uppsetning þeirra.

Setkrókur unglunga.

Tengingar vegna tölva